

Mánudaginn 5. desember 1977.

Nr. 162/1976. **Magnús Eiríksson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

**Stefáni Baldurssyni og**

**Bergþóru Bachmann**

(enginn).

Áfrýjun. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Armann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1976. Hann gerir þær dómkröfur á hendur stefnda Stefáni, að héraðsdómur verði staðfestur að því er hann varðar og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir Hæstarétti. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Bergþóru eru þær, „að hún sé dæmd til að greiða dómkröfuna, sem gerð var á hendur henni í héraði, þ. e. að henni sé gert að greiða hina dæmdu kröfu á hendur Stefáni in solidum með honum, svo og að henni sé gert að greiða sérstaklega málskostnað til áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara in solidum með Stefáni.“

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi máls þessa er Magnús Eiríksson, Þingvöllum, Arnessýslu, og áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytis er gefið út honum til handa. Hann var eigi málsaðili í héraði, heldur Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður. Ekki hefur verið sýnt fram á nein þau atvik, er heimili áfrýjanda áfrýjun héraðsdóms. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

**D ó m s o r ð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1976.**

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl 1976, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl sl., af Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, Túngötu 5, Reykjavík, gegn Stefáni Baldurssyni, Grettisgötu 77, Reykjavík, og Bergþóru Bachmann, Háagerði 81, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 105.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 35.000 frá 1. september 1975 til 1. október s. á., en af kr. 70.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 105.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.347 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. 3 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 35.000, útgefnum af stefndu, Bergþóru Bachmann, 26. mars 1975, en samþykktum af stefnda, Stefáni Baldurssyni, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, þann 1. september 1975, 1. október s. á., og 1. nóvember s. á. Víxlarnir séu framseldir eyðuframsali. Víxlarnir hafi verið afsagðir 3. september, 3. október og 4. nóvember 1975. Ítrekuð greiðslutilmæli hafi ekki borið árangur.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Framlagðir víxlar á dskj. nr. 3 til 5 bera allir með sér, að greiðslustaður þeirra hefur verið Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík, og þar sem annað er ekki tilgreint, verður að líta svo á, að átt sé við aðalbankann. Samkvæmt viðfestum afsagnarnótum á víxlunum hafa 2 víxlanna verið afsagðir í Búnaðarbanka Íslands, Hlemmi, en 1 víxillinn í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútbúi. Hefur því afsögn ekki farið fram á réttum stað, og verður því þegar af þeim sökum að sýkna útgefanda víxlanna, stefndu Bergþóru Bachmann, af kröfum stefnanda í máli þessu. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.600.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir.

**Dómsorð:**

Stefnda, Bergþóra Bachmann, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, í máli þessu.

Stefndi, Stefán Baldursson, greiði stefnanda, Jóni E. Ragn-

arssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 105.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 35.000 frá 1. september 1975 til 1. október s. á., en af kr. 70.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 105.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.347 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 23.600 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 5. desember 1977.

Nr. 12/1977. **Jón Baldursson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**OY Inter Viso A/B**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Áskorunarmál. Áfrýjunarstefna. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1977. Í greinargerð fyrir Hæstarétti hefur hann gert þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða „dómi“ verði hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða „dóms“ og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Axel Einarsson hæstaréttarlögmaður f. h. OY Inter Viso A/B höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, áritaðri 17. september 1976 af Hólmfriði Snæbjörnsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, á hendur áfrýjanda til greiðslu 7.907,32 finnskra marka með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1975 til greiðsludags svo og málskostnaðar. Málið var þingfest á bæjarþinginu 28. október 1976. Áfrýjandi sótti ekki þing. Hinn